

Aðalfundur UMF Samherjar 14 mars 2013 í Félagsborg. Kl 20:00

Setning

Í fjarveru formanns setti Valgerður fundinn og bauðst til að stýra fundi og að Heiðdís Fjóla Pétursdóttir ritaði fundargerð. Samþykkt.

Skýrsla stjórnar

Ritari fór yfir starfsskýrslu Samherja og útteildi henni meðal fundarmanna.

Ársreikningar

Gjaldkeri kynnti reikninga félagsins.

Rekstrartekjur: 7.049.097

Rekstrargjöld: 5.950.975

Hagnaður (eftir fjármagnsliði) : 1.114.962

Skuldir og eigið fé: 4.304.605

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Rætt var um starfsskýrsluna og reikninga.

Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að gera starfslýsingu fyrir þjálfara.

Gera þjálfara ábyrga fyrir því að upplýsingar séu færðar inn í Felix og að upplýsingar eftir hvert mót sé sett á heimasíðu/fésbókarsíðu Samherja.

Samherjar og Eyjafarðarsveit eiga enn eftir að ganga frá samning síni á milli, fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að fara að klára það.

Kosningar

Úr stjórn áttu að ganga Valgerður Jónsdóttir og Sigurður Eiríksson, Indíana Ósk Magnúsdóttir, Einar Geirsson og Lilja Rögnvaldsdóttir voru kosin til tveggja ára á síðasta aðalfundi. Indíana og Einar hafa óskað eftir að ganga úr stjórn.

Sigurður og Valgerður gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Fundarstjóri óskaði eftir tilnefningum til stjórnar. Engar bærust frá fundarmönnum. Fundarstjóri lagði fram tillögu að eftirfarandi stjórn sem var samþykkt: Sigurður Eiríksson, Valgerður

Jónsdóttir, Brynhildur Bjarnadóttir, og Jonas Björk, ásamt Lilju Rögnvaldsdóttir, sem er áfram í stjórn.

Tillaga um varamenn: Sigurlaug Hanna Leifsdóttir og Heiðdís Fjóla Pétursdóttir, samþykkt. Fundurinn samþykkir að stjórn ákveði hver sé kjörin til eins árs, svo og röð varamanna.

Skoðunarmenn reikninga:

Fundarstjóri kom með tillögu sem var samþykkt :

Ármann Ketilsson og Hólmgeir Karlsson

Önnur mál:

Umræða um ársþing UMSE. Eigum rétt á að senda 9-10 manns, ef það koma færri en 5 skerðast lottó-tekjur til félagsins (samherja).

Farið yfir hverjir kæmu til greina sem íþróttamaður UMSE en hann er kostin á ársþinginu. Valgerður sendir tölvupóst á alla í stjórninni og hver tilnefnir einn.

Rætt var um landmótið í frjálsum en það hefur aldrei náðst stemming innan félagsins að fara, fundarmenn veltu því upp hvað væri hægt að gera til að ná upp stemmingu, hvernig getur stjórnin /félagið hvatt fjölskydlur til að fara á landsmótið

Sig Eiríks sagði að það væri búið að skrá 4,5 og 6 flokk í fótbolta á Íslandsmótið .

Búningamál. Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að ná fleiri félagsmönnum í búninga þannig næðist meiri samkennd.

Sigurlaug hafði orð á því að félagið þyrfti að passa að missa ekki krakkana frá félaginu þegar þau eru búin með 10 bekk. Börn eru börn til 18 ára aldurs.

Fundi slitið kl 22:00